

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	15.10.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Jónsson Birna Pála Sverrisdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki komu fram nein ný frávik í eftirlitnu en athugasemd var gerð við talsvert magn af skautleyfum sem geymd voru í haug á verksmiðjulóðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir starfsleyfið.

Frá síðasta eftirliti hefur ársfjórðungsskýrsla fyrir annan ársfjórðung verið skilað 17.júlí og hefur því verið staðið skil á öllum gögnum á réttum tíma. Niðurstöður mælinga eru allar innan starfsleyfismarka.

Farið var yfir skráningar í grein 3.2. í starfsleyfi. Viðhald og bilanir í mengunarvarnarbúnaði eru skráðar í miðlægt skráningarkerfi og óhöpp eru skráð í atvikaskráningarkerfi sem heldur utanum atvik í heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum. Haldið er utanum eftirlit með mengunarvarnarbúnaði með verklýsingum starfsmanna. Prófun, viðhald og samanburðarmælingar á mælitækjum í strompum eru gerðar innanhúss skv. stöðluðum aðferðum. Kvörðun er framkvæmd af óháðum, hæfum þriðja aðila á þriggja ára fresti.

Farið var yfir úrgangsmál.

Haldið er utan um allar skráningar í úrgangsskráningarkerfi þar sem að allar upplýsingar um tegund, magn og meðhöndlun/móttökuaðila úrgangs koma fram. Efnamóttakan tekur við spilliefnum og hreinsitækni sér um tæmingu úrgangsolíu. Álgjall er sent til endurvinnslu til Kratus á Grundartanga. Rætt var um að mikilvægi þess að fylgst væri með ástandi flutningsgámana til að tryggja að álgjallið sé ávallt varið fyrir raka.

Kerbrót eru flutt beint í flæðigrýfju ásamt siuryki frá skautsmiðju. Stálsandur sem fellur til er reynt að endurnýta eftir fremsta megni.

Þá var farið yfir mæliáætlun og vöktunaráætlun sem eru í endurskoðun. Rætt var um breytingartillögur UST og hefur rekstraráðili nú skilað nýjum tillögum að áætlunum sem eru til skoðunar hjá UST.

Ein tilkynning hefur borist UST um rekstrarstöðvun reykahreinsivirkis vegna straumrofs í kerskála. Stöðvunin var lágmörkuð eins og unnt var og var reykahreinsivirkið keyrt í gang mjög fljótlega eftir að straumur komst á kerskálann á ný.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæðið. Farið var á gánavöllinn þar sem að öllum úrgangi er safnað saman. Rætt var við umsjónarmann gámasvæðisins og farið yfir skráningar og geymsluaðferðir úrgangs og spilliefna. Flokkun og umgengni á gámasvæði var til fyrirmyndar.

Þá var farið á lager og litið yfir geymsluaðferðir og flutning olíu á svæðinu. Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á geymslutönkum og flutningsaðferðum olíu hjá fyrirtækinu.

Að lokum var gengið um flæðigrýfju og frágangur skoðaður.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að talsverðu magni af skautleyfum hefur verið safnað upp í haug á verksmiðjulóðinni og bíður útflutnings.

ANNÆÐ

Grein 2.15 í starfsleyfi heimilar förgun kolaryks í flæðigrýfjum með útskolun sigvatns í sjó. Efnið er sett í sekki til að það dreifist ekki með vindi í samræmi við ákvæði 2.16 í starfsleyfi fyrirtækisins.

Reykjavík, 03.12.2013

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.